



Til: uar@uar.is
Afrit: "Sigríður Svana Helgadóttir" <sigridur.svana.helgadottir@uar.is>
Efni: Re: Til samráðs: Breyting á lögum um náttúruvernd, nr. 60/2013.
Upplýsingar: Sent: 13.03.2019 13:06:17 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2019030004, Bréfalyklar: 42-1-1
Umsagnir um frumvörp

Tilvísun í mál: 2019030004

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu dags. 5. mars sl. þar sem ráðuneytið kynnrir samráð um frumvarp til laga um breytingar á lögum um náttúruvernd nr. 60/2013.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir frumvarpsdrögin og telur þær breytingar sem lagðar eru til í 1. - 4. gr. frumvarpsins allar til bóta og styður tillögurnar eins og þær eru lagðar fram.

5. gr. frumvarpsins fjallar um breytingar á 63. gr. laga um náttúruvernd um **Innflutning lífandi framandi lífvera**. liður a, b, c og d eru ætlaðir til að skýra betur út núverandi ástand þ.e. að um innflutning lífandi lífvera gild fleiri en ein lög en einnig eru undanþágur umorðaðar frá því sem nú er og hert á tilvísunum í viðeigandi reglugerðir. Jafnframt er hert á orðalagi um að gera skuli áhættumat og meta áhrif á líffræðilega fjölbreytni og að setja skuli reglugerð um umsóknir um innflutning og dreifingu og kröfur um fylgigögn með umsóknum. Allt er þetta til bóta. Sá galli er á þessum ákvæðum að þau byggja meira og minna á því að fyrir hendi séu ábyggilegar og faglegar reglugerðir, sérstaklega hvað varða mat á ágengni framandi tegunda og val á því sem bannað er að flytja inn, svo hægt sé að fylgja ákvæðunum eftir. Það liggur t.d. alveg ljóst fyrir að eftir 50-100 ár mun t.d. skógrækt með framandi tegundum hafa gífurleg áhrif langt út fyrir skipulögð skógræktarlönd. Nægir hér að sinni að vísa til vandamála bæði í Skotlandi og Noregi. **Það er því ljóst að eigi þessar breytingar á lögnum að vera til bóta þá þurfa þær reglugerðir sem vísað er til að liggja fyrir þegar frumvarpið er lagt fram á Alþingi.**

6. gr. frumvarpsins er ný grein og hefst á því að afhenda skuli Matvælastofnun allar umsóknir um leyfi til innflutnings og dreifingar á lífandi framandi lífverum. Síðan segir að Matvælastofnun skuli framsenda allar umsóknir samkvæmt 63. gr. til Umhverfisstofnunar. Það er því spurning hvort þetta þýði að Matvælastofnun sé falið það hlutverk að flokka út þær umsóknir sem hún telur að falli undir 63. gr. þó svo að Umhverfisstofnun eigi að meta allar umsóknir? Að mati Náttúrufræðistofnunar er þetta ekki nógu skýrt og röng nálgun og setur að mati stofnunarinnar lög um náttúruvernd niður. Í raun ætti að sækja um innflutning og dreifingu framandi lífvera til Umhverfisstofnunar og hún síðan afhenda þær umsóknir sem hún telur heyra undir Matvælastofnun enda mun auðveldara að skilgreina hvað sé búfé og þá hvaða t.d. sjúkdómar tengjast því. Auk þess á Umhverfisstofnun að geta tekið afstöðu strax til lífvera sem eru á lista yfir tegundir sem heimilt er að flytja inn skv. reglugerð og notaðar eru í náttúru landsins. Þar þarf þó einnig að tryggja að ekki berist sjúkdómar með viðkomandi tegundum, t.d. ýmis sníkjudýr.

Grein 6 er þannig að hún virðist viðhalda tvöföldu kerfi. Vel getur verið að það sé óumflýjanlegt að einhverju marki þar sem mörkin eru ekki alltaf skýr t.d. hvað varðar plöntur þ.m.t. í landgræðslu og skógrækt. Þetta er hins vegar hægt að leysa tæknilega t.d. með því að umsóknum sé skilað bæði til Umhverfisstofnunar og Matvælastofnunar samtímis.

Náttúrufræðistofnun telur að skoða þurfi betur hvernig leysa eigi framangreint en telur að lög um náttúruvernd eigi tvímælalaust að ganga „framar“ öðrum lögum sem fjalla um búfé eða innflutning dýra þegar kemur að náttúru landsins þó stofnunin hafi fullan skilning á því að um búfé þurfi að gilda mjög strangar reglur enda um lífsviðurværi fjölda fólks að ræða. Að mati stofnunarinnar er ekki heldur tekin afstaða til þess að breyta lögum nr. 54/1990 eða sameina hluta þeirra við lög um náttúruvernd en þar má t.d. benda á 2. mgr. 2. gr. þeirra laga. Einnig er lítið komið inn á erfðaauðlindir og hvernig fara skuli með mál sem geta varðað þær, má þar t.d. nefna framandi tegundir fiska s.s. í laxeldi.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt til að koma að athugasemdum við frekari vinnslu þessa máls.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðahóltsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



Frá: Samráðsgátt <island@island.is>

Dags: 03/05/2019 02:00:30 PM

Til: ni@ni.is

Efni: Til samráðs: Breyting á lögum um náttúruvernd, nr. 60/2013.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 74/2019 - Breyting á lögum um náttúruvernd, nr. 60/2013.. Umsagnarfrestur er til og með 13.03.2019.

Umsagnir verða birtar í gáttinni jafnóðum og þær berast.

[Smelltu hér til að skoða málið nánar/senda inn umsögn.](#)

Niðurstöður samráðsins verða birtar í gáttinni þegar unnið hefur verið úr þeim ábendingum og athugasemdum sem bárust.

Þessi póstur er sendur á hagsmunaaðila skv. ákvörðun ábyrgðaraðila málsins.

Kærar þakkir fyrir þátttökuna.

Samráðsgáttin/Ísland.is